

Nr. 36.

3. nóv.

## Lög

um

breytingu á lögum nr. 22, 11. júlí 1911, um stýrimannaskólann  
í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

1. grein orðist þannig:

Stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir kenslu í siglingafræði og gufuvjelafræði og undirbýr lærisveina skólans undir hið almenna stýrimannspróf, fiskiskipstjórapróf og próf í gufuvjelafræði fyrir skipstjóra og stýrimenn.

Við skóla þenna skipar Stjórnarráðið forstöðumann með 2000 króna árslaunum auk leigulauss bústaðar, ljóss og hita, og einn aukakennara með 1200 kr. árslaunum. Stjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón skólans, og gefur út reglugjörð fyrir hann. Laun kennara og annar kostnaður greiðist úr landssjóði.

## 2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Til fiskiskipstjóraprófs útheimtist:

1. kunnátta í fræðinni um almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót, notkun lógaritma, um grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar, um játandi og neitandi stærðir, um grundvallarsetningar þríhyrningafræðinnar og útreikning rjetthyrndra þríhyrninga eftir henni;
2. þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, línum á yfirborði hans, breidd og lengd;
3. þekking á tilhöguninni á áttavítanum og notkun hans, á misvísun, segulhalla (inklination) og afhverfi (deviation) og hvernig það verður fundið, á tilhögun og notkun skiphraðamælisins og grunnsökkunnar;
4. skyn á sjávaruppdráttum yfir höfuð;
5. þekking á dagbókarhaldi og leiðarreikningi eftir töflum þeim, sem til þess eru gerðar, að kunna að marka stað skips á uppdráttinum, bæði eftir breidd og lengd, og með því að taka mið á landi; þekking á straumi, og á því, hvað skip hefur borið af leið, og að kunna að ákveða stefnu og vegalengd til tiltekins staðar;
6. þekking á himinhvolfinu og hinni daglegu hreyfingu, á mælistigakerfi himinhvolfsins, á því, að ákveða afstöðu himintungla, á sólunni og hreyfingu hennar sjálfrar;

7. þekking á áttungs- eða sjöttungsmæli, og að kunna að prófa og leiðrjetta stöðu Nr. 36.  
speglanna; að kunna að mæla hæð himintungls og horn milli hluta á jörðunni; 3. nóv.
8. þekking á mælingu og skiftingu tímans;
9. þekking á leiðrjettungum þeim, sem við eru hafðar við hina mældu hæð sólarinnar;
10. að kunna að finna hve nær sólín rennur upp eða gengur undir;
11. að kunna að finna misvísun með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu;
12. að kunna að finna breiddina með því að mæla hæð sólar eða fastastjörnu í hádegisbaug;
13. að kunna að finna misvísun við athugun pólstjörnnar;
14. að kunna að finna hve nær flóð verður og fjara;
15. þekking á alþjóðlegum siglingareglum og björgunarverkfærum;
16. að kunna að nota hina alþjóðlegu merkjabók og veðurmerki;
17. að geta samið grein á íslensku með glöggum orðfæri um tiltekið efni, er snertir sjóferðir, og ritað hana með skýrri rithönd og sémilegri rjettritun;
18. að hafa lesið kaffa í danskri bók, eigi minni en 150 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslensku og geta talað um hversdags-efni á dönsku svo skiljanlegt sje;
19. sama kunnátta í ensku sem í dönsku;
20. að þekkja hin helstu lagaákvæði, er snerta rjett og skyldur skipstjóra;
21. að þekkja einföldustu hjúkrunarreglur, sjerstaklega til að geta bundið um beinbrot og sár og kipt í lið, þegar slys ber að höndum.

### 3. gr.

#### 3. gr. orðist þannig:

Til hins almenna stýrimannsprófs útheimtist alt það, sem útheimtist til fiskiskipstjóraprófsins og ennfremsur:

1. ítarlegri þekking á veldi og rót, á lógaritnum, á reikningi með játandi og neitandi stærðum, þekking á þríhyrningum, er falla saman eða eru eins lagaðir, á mælikvörðum lína og horna, á því, hvernig teikna skal hinar almennustu myndir flatarmálsfræðinnar, á mælingu flata og líkama og á stærðum þríhyrningafræðinnar;
2. þekking á himintunglum yfir höfuð;
3. þekking á áhrifum þeim, sem segulafi hefir á áttavitann, er skipið hallast, og að geta fundið afhvarfið (deviationina), er áttavitinn þá hefir; þekking á notkun afhvarfsmælisins (deflektorsins) við afhvarfs- (deviations) rannsókn;
4. að kunna að finna breiddina við athugun sólarinnar fyrir utan hádegisbaug og athugun fastastjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og kunna að finna breiddina við athugun tunglsins í hádegisbaug;
5. að kunna að fara með sjóur og nota það, að ákveða stöðu þess eftir hæð sólar og fastastjörnu, eftir tímamerki eða eftir öðru úri, er staða þess er kunn, og að ákveða hinn daglega gang sjóursins;
6. að kunna að ákveða stað skipsins með staðarlinum bygðum á athugun sólar og fastastjörnu;
7. að kunna að finna lengdina með sjóurinu og hæð sólarinnar og fastastjörnu;
8. að hafa lesið kaffa í danskri bók, eigi minni en 200 bls., og geta útlagt hann munnlega á íslensku, að geta gert ljettan danskan stíl og geta talað um hversdagsefni á dönsku svo skiljanlegt sje;
9. sama kunnátta í ensku sem í dönsku.

### 4. gr.

#### 5. grein orðist þannig:

Hver sá, sem staðist hefur fiskiskipstjórapróf eða hið almenna stýrimannspróf

Nr. 36. samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara, getur krafist þess að hann sje reyndur í gufuvjela-  
3. nív. fræði, þegar próf er haldið í skólanum.

5. gr.

Síðari setning 7. gr. hljóði þannig:

Í prófnefndinni eru vjelfræðiskennari stýrimannaskólans og tveir menn aðrir, sem Stjórnarráðið setur til þess í hvert skifti.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*

Nr. 37.  
3. nív.

## Lög

um

stofnun vjelstjóraskóla í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*; Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Reykjavík skal stofna vjelstjóraskóla, til að gera mönnum kost á að læra gufuvjelafræði.

Við skóla þenna skipar Stjórnarráðið fastan vjelfræðiskennara, sem jafnframt er forstöðumaður skólans, með 2400 kr. árslaunum.

Sá kennari er jafnframt vjelfræðiskennari stýrimannaskólans.

Svo ræður Stjórnarráðið aukakennara eða tímakennara, eftir því sem þörf krefur.

Laun forstöðumannsins og allur annar kostnaður við vjelstjóraskólann greiðist úr landssjóði.

2. gr.

Til vjelstjóraprófs þarf:

1. Í í s l e n s k u: Að geta gert ljettan íslenskan stíl um alment efni, skrifað allvel, skýrt og nokkurn veginn rjett.